

121

2. júlí.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið skipstjórar þeir og stýrimenn, sem eru fjelagsmenn í »Öldunni«, þegar þeir verða hjálparþurfar sökum veikinda eða ellilasburða, sömuleiðis ekkjur þeirra og eptirlátin börn, sem hjálpar þurfa sjer til framfæris.

6. gr.

Styrk úr sjóðnum veitir 5 manna nefnd, og eru í henni: fjelagsstjórn »Öldunnar« og 2 aðrir fjelagsmenn, sem til þess eru kosnir á ári hverju á aðalfundi. — Um styrkveitingar skal sækja fyrir hver árslok, og eiga umsóknarbrjefunum að fylgja skilríki fyrir verðleika og þörf umsækenda. Styrkveitingum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund »Öldunnar« í janúarmánuði.

7. gr.

Skyldi svo fara, að fjelagið »Aldan« leysist upp eða líði undir lok, skal »Styrktarsjóður skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa« renna saman við »Fiskimannasjóð Kjalarnesþinga«, sem stofnsettur er með konungsúrskurði 24. júní 1840, og hafa sömu stjórn, sem sá sjóður. Skal styrktarsjóðurinn þá vera sjerstök deild í fiskimannasjóðnum, og vöxtunum af honum varið til árlegra styrkveitinga samkvæmt 2. gr. samanborinni við 6. gr. hjer að framan.

8. gr.

Eptir aðalfund í »Öldunni« í janúarmánuði ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til landshöfðingjans, sem hefir eptirlit með, að sjóðnum sje stjórnað samkvæmt framanskriřaðri skipulagsskrá. Þannig samþykkt á fundi í »Öldunni« 17. febr. 1894.

(Nöfn).

122

21. sept.

Staðfesting konungs útgefin *ad mandatum*, í venjulegu formi af ráðgjafanum fyrir Ísland, á skipulagsskrá fyrir framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

Skipulagsskráin er svo hljóðandi:

Skipulagsskrá

fyrir framfarasjóð Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs

Jeg undirritaður gef hjer með eignarjörð mína Harastaði á Fellsströnd í Dalasýslu 11,1 hundruð að nýju mati, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem henni fylgja, til þess að stofnsetja með sjóð einn, með þeim skilyrðum er nú greinir:

1. Sjóðurinn skal bera nafn foreldra minna og heita: Framfarasjóður Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs.

Þessu nafni má aldrei breyta.

2. Sjóður þessi skal vera fyrir Árnessýslu; þó er það bundið þeim skilyrðum, er síðar segir.

3. Landshöfðingi (hinn æðsti embættismaður innanlands) og sýslumaður Árneseinga ásamt sýslunefndinni þar í sýslu hefur stjórn sjóðsins á hendi.

Landshöfðingi hefur á hendi yfrumsjón sjóðsins og birtir hann árlega reikninga sjóðsins í Stjórnartíðindunum, B. deildinni. Sýslumaðurinn eða einhver úr sýslunefndinni í hans stað heimtar afgjaldið af Harastöðum, á meðan sjóðurinn á þá, og kemur því í peninga fyrir sjóðinn. **122** 21. sept.

4. Sjóðurinn sje ávaxtaður í Söfnunarsjóð Íslands, að því leyti sem það er hægt. Afgjaldið af Harastöðum skal ásamt vaxtavöxtum nú um 10 ár lagt í Söfnunarsjóðinn, en síðan skal nokkru af ársvöxtum sjóðsins varið til þess að veita bændum í Arnessýslu styrk til þess að kaupa sjer vagna, er hestur gangi fyrir (þ. e. er stærri sjeu en handvagnar). Aldrei má veita meira en $\frac{4}{5}$ — fjóra fimmtu hluta — af ársléigu sjóðsins til þess að kaupa vagna fyrir, en að minnsta kosti $\frac{1}{5}$ — einn fimmti hluti — af vöxtunum skal lagður við höfuðstól sjóðsins. Eigi má veita meira en 50 — fimmtíu — króna styrk til þess að kaupa einn vagn, og aldrei má veita styrk til þess að kaupa aðra vagna en nýja. Nú á bóndi einhver nýjan vagn og vill selja hann öðrum bónda, þá má eigi veita styrk úr sjóðnum til þess að kaupa vagn þenna, heldur skal vagninn keyptur af vagnasmið útlendum eða innlendum. Skal þessa ávallt gætt, því tilgangurinn er sá með fjárstyrk þessum, að fjölga vögnum í landinu, og færa bændum heim sanninn um það, að það er vinnusparnaður og þá jafnframt fjárhagnaður að nota vagna. Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir 120 kr., má veita tveim bændum á ári styrk til þess að kaupa vagna.

Þeir bændur, sem vilja fá styrk til vagnkaupa úr sjóðnum, senda sýslumanni beiðni um það; leggur hann og sýslunefndin til, hverjum veita skuli skyrkinn og sendir síðan bóнарbrjefin ásamt tillögum sínum og sýslunefndarinnar til landshöfðingja, er leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Eptir 50 ár (1944) skal hætta að veita fje úr sjóðnum til vagnkaupa, og skal þá leggja alla ársvextina við höfuðstól sjóðsins, þangað til að hann er orðinn 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónur að upphæð. Þá skal verja $\frac{4}{5}$ af ársvöxtunum til skógarræktar í Arnessýslu, en $\frac{1}{5}$ — einn fimmta — af ársvöxtunum skal jafnan leggja við höfuðstólinn, svo sjóðurinn aukist árlega. Beri svo við, að eigi sje eytt $\frac{4}{5}$ af ársvöxtunum til skógarræktar, þá skal það, sem afgangur er, lagt við höfuðstólinn.

Skógarræktina skal byrja að Klausturhólum í Grímsnesi.

5. Árnesingar hafa fyrirgert rjetti sínum til þess að fá styrk úr sjóðnum til vagnkaupa. ef það kemur fyrir tvisvar sinnum á 10 — tíu — árum, að enginn bóndi úr sýslunni sæki um styrkinn eða noti hann. Brjótí þeir af sjer rjett þennan, þá skal og lokið hluttöku sýslumanns og sýslunefndar Árnesinga í stjórn sjóðsins; en styrkurinn til vagnkaupa skal þá veittur bændum úr öðrum hjeruðum landsins, þó eigi lengur en áður er ákveðið (í 40 ár alls). En þegar til skógarræktarinnar kemur, þá skal Arnessýsla njóta sjóðsins, en reikningar sjóðsins skulu þá lagðir fyrir alþingi til athugunar, ef Árnesingar taka engan þátt í stjórn sjóðsins, en eigi að öðrum kosti.

6. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, nema ef stjórn sjóðsins vill kaupa Klausturhóla í Grímsnesi handa sjóðnum, er hann er orðinn 25000 kr.

122 og skógarræktin er byrjuð. Getur þá stjórn sjóðsins gætt þess, þegar þar að 21. sept. kemur, að nokkur hluti sjóðsins sje eigi svo fastur í Söfnunarsjóðnum, að eigi megi fá hann þaðan til þessa.

7. Landshöfðingi leitar konunglegrar staðfestingar á þessari skipulags-skrá sjóðsins.

Kaupmannahöfn, Marstrandsgötu 26, 1. sal.

Á fæðingardag móður minnar, 19. dag marzmán. 1894.

Bogi Th. Melsted.

123

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. júlí til 30. september 1894.

	Tekjur:		Kr.	a.
1. Í sjóði 1. júlí 1894			103,724	04
2. Borgað af lánum:		Kr. a.		
a. Fasteignarveðslán	38,844	70		
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	38,760	54		
c. Handveðslán	622	»		
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl	920	48		
e. Reikningslán	274	24		
f. Akkreditívlán	1,065	30	80,487	26
3. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð			2,500	00
4. Víxlar innleystir			123,497	70
5. Innleystar ávísanir			10,859	43
6. Bráðabyrgðalán úr landssjóði			50,000	00
7. Seðlar frá landssjóði			8,000	00
8. Vextir			12,035	15
9. Disconto			1,247	84
10. Ýmislegar tekjur			3,916	64
11. Seld kgl. ríkisskuldabryjef, að upphæð 99000 kr., eptir gang-verði 31. des. f. á			93,307	50
12. Tekjur í reikning landmandsbankans (fyrir seldar ávísanir o. fl.)			213,211	36
13. Innlög á hlaupareikning			34,083	17
14. Sparisjóðsinnlög			151,224	67
15. Innheimt fje fyrir aðra			12,241	32
16. Endurborgað af bráðabyrgðagreiðslum fyrir aðra			7	25
			Samtals	900,343 33

Gjöld:

1. Lán veitt:		Kr. a.
a. Fasteignarveðslán	42,154	00
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	37,575	00
	Flyt:	79,729 00